

EFTIRLITSSKÝRSLA

Colas hf. bikstöð Akureyri Krossanes, Akureyri



Dags eftirlits	5.4.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Colas hf. bikstöð Akureyri	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Óseyri 8	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4604820979	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Harpa Þrastardóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Steindór Sigursteinsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram við eftirlit er varða takmörkun aðgengis að lekaheldri þró og þjónustu og hreinsun olíuskilju. Þrjár ábendingar voru settar fram hvað varðar að uppfæra þurfi áætlanir, verklagsreglur og umhverfismarkmið m.t.t. nýr rekstraraðila og að upplýsingar vantar um sjálfvirkan viðvörunarbúnað í olíuskilju.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða bikstöð Colas Ísland hf., áður Norðurbik ehf., Krossanesi, Akureyri. Í bikstöðinni er heimilt skv. gr. 1.2 í starfsleyfi að taka á móti og geyma í einum geymi allt að 2.000m³ af biki eða þau önnur olíufefni sem ætluð eru til malbiks og olíumalarframleiðslu. Auk þess er heimilt að geyma á svæðinu lífolíu og viðloðunarefni í tveimur 50 tonna láréttum geymum og í plastkörum.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Breytingar á rekstri
- Verkstjórn og þjálfun
- Frárennsli
- Innra eftirlit og vöktun
- Eftirlitsmælingar
- Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar - kynning
- Efnanotkun við hreinsun olíuóhappa - kynning
- Stjórnvaldssektir - kynning
- Önnur mál

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Engin frávik komu fram við síðasta eftirlit, árið 2019, en ein ábending var gerð er varðar uppfærslu viðbragðsáætlunar. Áhættumat 2022 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu. Engin breyting á tíðni eftirlits er gerð á milli ára, flokkast starfsstöðin í eftirlitsflokk D sem gerir ráð fyrir vettvangsheimsókn þriðja hvert ár.

Stöðin telur einn stóran bikgeymi og tvo minni geyma sem innihalda annars vegar lífolíu og hins vegar terpentínu. Stöðin er í starfsemi allt árið þó hún sé í lágmarki yfir vetrartímann og koma skip til löndunar þrisvar sinnum á ári. Myndavélakerfi er í stöðinni sem fylgist bæði með nærumhverfi og stöðinni sjálfri, bæði innan og utandyra og er það tengt inn í malbikunarstöð Colas sem staðsett er við Óðinsnes og fylgst er með því þaðan þegar starfsmaður er ekki í bikstöðinni. Engar breytingar hafa orðið á starfseminni frá síðasta eftirliti, aðrar en að nýr rekstraraðili hefur tekið við rekstrinum. Engar breytingar eru fyrirhugaðar í stöðinni.

Starfsmenn stöðvarinnar fylgja þjálfunar- og endurmenntunaráætlun Colas hf. og er utanumhald og skráningar í höndum mannauðsstjóra. Allir starfsmenn hafa aðgang að innri vef fyrirtækisins, CCQ, og geta nálgast upplýsingar þar varðandi öryggisblöð, áætlanir, viðhald og skráningar.

Áfyllingaplan er malbikað og frárennsli tengd olíuskilju. Ekki liggja fyrir upplýsingar um þjónustu olíuskilju. Bent er á yfirfara þarf skiljuna á sex mánaða millibili og tæma eftir þörfum skv. gr. 3.5 í starfsleyfi. Skv. gr 4.2 í starfsleyfi skal mæla olíu í fráveituvatni að lágmarki þriðja hvert ár, mælingar hafa verið gerðar á olíu í fráveituvatni með með Macherey-Nagel olíuþrófi. Lokar í steyptri lekavarnarþró sem geymir lífolíugeymi og terpentínu eru ekki sjálfvirkir en stóðu þeir lokaðir er eftirlitið fór fram. Óskað hefur verið eftir upplýsingum frá rekstraraðila um það hvort sjálfvirkur viðvörðunarbúnaður sé í olíuskilju skv. 30. gr. reglugerðar 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá landi.

Trygging skv. gr. 2.8 í starfsleyfi eru til staðar en hana þarf að uppfæra m.t.t. nýs rekstraraðila. Senda skal uppfært og endurnýjað skírteini til eftirlitsaðila um leið og það berst rekstraraðila.

Gengið var um stöðina. Lekapró, áfyllingarplan og annað útsvæði skoðað. Stöðin er snyrtileg á að líta og ekki gerðar ábendingar þar um. Stöðin er ekki afgirt en takmarka þarf aðgengi ökutækja inn í lekaheldu þróna. Engin takmörkun var á ökuleiðinni í þróna og keðja sem þar hefur verið, var ekki til staðar og því er sett fram frávík hvað það varðar og rekstraraðili minntur á að takmarka aðgengi að stöðinni.

Frávík frá

Lýsing á frávíki

Gr. 2.3 í starfsleyfi og 7. gr. reglugerðar 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

Takmarka skal aðgengi að stöðinni. Stöðin er ekki afgirt en takmarka þarf aðgengi ökutækja inn í lekaheldu þróna. Engin takmörkun var á ökuleið inn í þróna og keðja sem þar hefur verið, var ekki til staðar.

Gr. 3.5 í starfsleyfi og 15 gr. reglugerðar 884/2017

Virgni olíuskilja skal yfirfarin a.m.k. á sex mánaða fresti og þær tæmdar eftir þörfum. Ekki lágu fyrir upplýsingar um þjónustu og/eða hreinsun olíuskilju við eftirlit.

ÁBENDINGAR

Í síðasta eftirliti var bent á að uppfæra þurfi viðbragðsáætlun. Aftur er bent á að uppfæra þurfi áætlanir, umhverfismarkmið og verklagsreglur, en nú með t.t. þess að nýr rekstraraðili hefur tekið við starfseminni.

Einnig er bent á að merkja þarf alla geyma í samræmi við ákvæði í viðauka I í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi og senda skal eftirlitsaðila myndir því til staðfestingar að merkingu lokinni.

Bent er á að skv. 30. gr. reglugerðar 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá landi skal vera sjálfvirkur viðvörunarbúnaður í olíuskilju. Upplýsingar varðandi það voru ekki til staðar við eftirlit og sendir rekstraraðili þær upplýsingar til eftirlitsaðila um leið og þær liggja fyrir.

ANNAÐ

Engar kvartanir varðandi stöðina hafa borist rekstraraðila né eftirlitsaðila og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti. Minnt er á að öll óhöpp þarf að tilkynna til eftirlitsaðila.

Sniðmát áætlunar vegna rekstrarstöðvunar var kynnt og rekstraraðili beðin um að hafa það til hliðsjónar við næstu uppfærslu áætlunarinnar. Einnig fylgdi fundarboðinu kynningarefni um stjórnvaldssektir og upplýsingar um hreinsun stranda og efnanotkun og eftirlitsaðili beðinn um að kynna sér það.

Minnt er á að senda skuli upplýsingar til eftirlitsaðila um nýjan tengilið rekstraraðila þegar þær upplýsingar liggja fyrir.

Reykjavík, 10.05.2022

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Guðbjörg Stella Árnadóttir

